



**Samráð við hagsmunaaðila vegna móttunar heildstæðrar stefnu og aðgerðaáætlunar um umhverfi og aðstæður barna á aldrinum 0-6 ára í Reykjavík**

Í gildandi samstarfssáttmála meirihluta borgarstjórnar segir að skipuleggja eigi borgina út frá hagsmunum barna og barnafjölskyldna. Nú hefur stýrihópur um móttun heildstæðrar stefnu um umhverfi og aðstæður barna á aldrinum 0-6 ára hafið störf. Hlutverk hópsins er að móta stefnu sem taki heildstætt mið af umhverfi og aðstæðum barna og í því ljósi að hafa samráð við hagsmunaaðila um gerð stefnunnar.

Stýrihópurinn skipa:

- Magnea Gná Jóhannsdóttir, borgarfulltrúi - formaður
- Árelfa Eydís Guðmundsdóttir, formaður skóla- og frístundaráðs
- Sabine Leskopf, borgarfulltrúi
- Dóra Björt Guðjónsdóttir, borgarfulltrúi
- Helgi Áss Grétarsson, borgarfulltrúi
- Kolbrún Áslaugar Baldursdóttir, borgarfulltrúi

Stýrihópurinn hefur nú þegar hist á fjórum vinnufundum. Í kjölfar stefnumóttunar mun hefjast gerð aðgerðaráætlunar þar sem horft yrði sérstaklega til samþættingu á fjölbreyttum lausnum og tillögum um hvernig styðja megi betur við börn og foreldra/forsjáraðila barna á aldrinum 0-6 ára í Reykjavík. Þá yrði einnig horft til fjölbættra aðgerða sem stuðla að því að brúa bilið á milli fæðingarorlofs og leikskóla.

Stýrihópurinn óskar eftir samráði við hagsmunaaðila í tengslum við þessa mikilvægu stefnumóttun. Í því felst að fá fram sjónarmið hagsmunaaðila um núverandi stöðu, áskoranir og fá fram fjölbreytt sjónarmið um lausnir og tækifæri fram á veginn.

Hagsmunaaðilar mega gjarnan koma á framfæri sjónarmiðum sínum og eftirfarandi eru spurningar sem gagnlegt væri að horfa til:

1. Núverandi staða: Hvað hefur gengið vel og hvað er ábótavant í þjónustu til barnafjölskyldna (börn 0-6 ára)?
2. Umhverfi og aðstæður barna: Hvernig teljið þið að best sé hægt að bæta umhverfi og aðstæður barna á aldrinum 0-6 ára í Reykjavík?
3. Samspil kerfa: Hvernig gætum við bætt samspil leikskólakerfisins, dagforeldrakerfisins og fæðingarorlofs svo það mæti þörfum barna, foreldra/forsjáraðila þeirra og jafnréttissjónarmiðum á sem bestan hátt?
4. Stefnumóttun: Hvaða þættir þurfa að vera í forgrunni við gerð stefnumóttunar um umhverfi og aðstæður barna á aldrinum 0-6 ára?

Hagsmunaaðilum er frjálst að fjalla um önnur málefni en hér eru tíunduð, m.a. fjölmenningsjónarmið. Hagsmunaaðilum eru einnig hvattir til að senda ítarefni, m.a. tilvísanir í rannsóknir, gögn eða upplýsingar sem gagnlegt væri að horfa á í þessari vinnu.

*Fyrir hönd stýrihóps*  
Magnea Gná Jóhannsdóttir



Reykjavíkurborg

borgarfulltrúi og formaður stýrihóps